

Ítalía – mars '22

The Power of Reading

Víkuna 21. - 25. mars s.l. fóru þrír kennarar úr Arnarsmára til Anzio á Ítalíu í tengslum við Erasmus+ verkefnið. Samstarfsskólinn á Ítalíu heitir **Instituto Comprensivo Anzio III** og eru nemendur hans 1200 á aldrinum 3ja til 14 ára. Við skólann starfa 127 kennarar.

Sérhæfing Ítalíu í verkefninu er fjölbreytileiki, staðalímyndir í bókmenntum. Það eru til ýmsar tegundir af bókum þar sem boðskapurinn er að fagna fjölbreytileikanum og mikilvægi þess að bera virðingu fyrir öllum, óháð kyni, bakgrunni, trúarbrögðum, útliti o.s. frv. Bækur sem innihalda bara myndir og engin orð. Bækur þar sem lesandinn getur sagt söguna á marga vegu og ákveðið hvernig söguþráðurinn þróast. Við fengum að skoða söfn sem innihéldu sögu Anzio sem og bókasafn í Róm sem var í gamalli byggingu með mikla sögu í veggjunum.

Kennararnir komu heim úr þessari ferð með margar skemmtilegar hugmyndir sem koma til með að nýtast í kennslu með börnunum í Arnarsmára.